

Leiðbeiningar til stjórnálagasamtaka um hvernig haga skal skilum á tilkynningu um framboð, framboðslistum og meðmælum með þeim til yfirkjörstjórna vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021

Tilkynning um framboð.

Framboð skulu tilkynnt formlega til yfirkjörstjórnar eigi síðar en klukkan 12 á hádegi 10. september 2021. Auglýst verður hvar og hvenær yfirkjörstjórnir í hverju kjördæmi koma saman og taka við framboðum. Yfirkjörstjórnir taka yfirlétt við framboðum að morgni þess dags sem fresturinn rennur út en þó getur það verið fyrr. Ef gallar eru á framboði þá kemur yfirkjörstjórn þeim á framfæri og gefur kost á úrbótum ef unnt er. Yfirkjörstjórnir hafa skamman tíma til að fara yfir framboð og þau gögn sem framboðslistum fylgja og gefa framboðum kost á að bæta úr því sem kann að vera ábótavant. **Því er mælt til þess að mætt verði af hálfu framboðs til viðkomandi kjörstjórnar til að afhenda framboð jafnvel þó skil á meðmælendalistum og samþykki frambjóðenda séu að fullu og öllu gerð með rafrænum hætti.** Mun slíkt spara tíma og gera öll samskipti greiðari ef upplýsinga er þörf.

Tilkynning til yfirkjörstjórnar um framboð getur bæði verið undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift. Mikilvægt er að í þeim tilvikum að undirskriftum hefur verið safnað með rafrænum hætti sé skjalið sjálf sent en ekki mynd af skjalinu svo yfirkjörstjórnir geti sannreynt undirskriftina.

Tilkynningu um framboð skal fylgja:

1. Framboðslisti viðkomandi stjórnálagasamtaka.
2. Yfirlýsingar allra þeirra sem á framboðslistanum eru um að þeir hafi tekið sæti á listanum. Ef þeim hefur verið safnað á pappír skal afhenda yfirkjörstjórnnum frumrit þeirra. Yfirlýsingum sem undirritaðar hafa verið rafrænt skal skila rafrænt til yfirkjörstjórna.
3. Frumrit meðmælendalista hafi þeim verið safnað á pappír. Ef meðmælum hefur verið safnað rafrænt í gegnum Ísland.is skal það koma fram í tilkynningunni.
4. Upplýsingar um hverjir séu umboðsmenn listans.

Leiðbeiningar um tilkynningu um framboð og yfirlýsingar er að finna á heimasíðu Landskjörstjórnar <https://www.landskjor.is/leidbeiningar/>

Tilkynningu um framboð er unnt að afhenda með hefðbundnum hætti með undirskrift á pappír á þeim stað og tíma sem yfirkjörstjórn hefur auglýst. Ef tilkynningin er send með rafrænum hætti skal hún undirrituð með fullgildri rafrænni undirritun og send sem viðhengi í tölvupósti til viðkomandi yfirkjörstjórnar á þeim tíma sem yfirkjörstjórn hefur auglýst. Ítrekað er mikilvægi þess að senda hið rafræna skjal en ekki mynd af skjalinu. Yfirkjörstjórn staðfestir móttöku tilkynningar. Upplýsingar um netföng og símanúmer yfirkjörstjórna eru hér fyrir neðan.

Í tilkynningunni skal taka fram hvernig meðmælum við framboðslistann hafi verið safnað, þ.e. hvort safnað hafi verið á pappír, rafrænt eða hvoru tveggja.

Þegar tilkynningin um framboð hefur verið send eða afhent yfirkjörstjórn á þeim stað og tíma sem hún tekur við framboðum, ásamt þeim gögnum og upplýsingum sem henni eiga að fylgja, telst meðmælum skilað. **Eins og fram hefur komið er mælt til þess að mætt verði af hálfu framboðs til yfirkjörstjórna á þeim stað og tíma sem auglýstur hefur verið til að taka á móti framboðum.**

1. Framboðslisti.

Tilkynningu um framboð skal fylgja framboðslisti viðkomandi stjórnmalasamtaka. Tilgreina skal skýrlega nafn framboðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri. Sjá nánar upplýsingar á vefsíðu landskjörstjórnar, <https://www.landskjoer.is/leidbeiningar/>

2. Yfirlýsing framboðenda.

Hverjum framboðslista skal fylgja yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann og getur yfirlýsingin verið undirrituð eigin hendi eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Ef stjórnmalasamtök kjósa að nota rafrænar undirskriftir ber þeim að senda skjalið sjálf til yfirkjörstjórnar en ekki mynd af skjalinu svo yfirkjörstjórnir geti sannreynt undskriftina eins og áður hefur komið fram. Æskilegt er að sem flestar rafrænar undirritanir séu á sama skjalinu.

Benda má á að Ríkiskaup hefur nýlega gert samning um rafrænar undirritanir við eftirtalin þrjú fyrirtæki: Advania ehf., Dokobit UAB og Taktikal ehf. Þessi fyrirtæki styðjast við rafræn skilríki frá Auðkenni ehf., sem er eini íslenski aðilinn sem gefur út fullgild rafræn skilríki, sbr. lista Evrópusambandsins <https://webgate.ec.europa.eu/tl-browser/#/>

3. Meðmæli

Söfnun rafrænna meðmæla með framboðslistum fer fram á Ísland.is og verða meðmælin aðgengileg yfirkjörstjórnnum þar. Ef eingöngu er safnað rafrænt þarf ekki að hlaða upp excel skrá.

Þegar viðkomandi stjórnmalaflokkur hefur lokið söfnun meðmæla getur ábyrgðarmaður söfnunarinnar, á Ísland.is, lokað fyrir frekari skráningu með því að ýta á hnapp merktan „söfnun lokið“. Þá er lokað fyrir frekari skráningu meðmæla og ábyrgðarmaður hefur ekki lengur aðgang að listanum. Mikilvægt er að þegar framboði er skilað til yfirkjörstjórnar sé getið um það í tilkynningunni um framboðið að meðmælum hafi verið safnað rafrænt á Ísland.is. Þegar lokað hefur verið fyrir rafræna skráningu getur meðmælandi ekki afturkallað meðmæli sín rafrænt. Vilji hann afturkalla þau verður hann að hafa samband við viðkomandi stjórnmalasamtök og tilkynna það. Er slíkt unnt allt til þess tíma þegar meðmælendalista hefur verið skilað til yfirkjörstjórnar.

Ef meðmælum er einnig safnað á pappír er mælt til þess að meðmælin séu færð í excel-skjal og skjalinu hlaðið upp á svæði viðkomandi stjórnmalaflokks á Ísland.is á sama stað þar sem meðmælum er safnað rafrænt. Þannig verður til einn listi sem inniheldur bæði rafræn meðmæli og þau sem safnað er á pappír. Athugið, excel skráin má ekki innihalda kennitölur sem eru ekki til. Hlaðist kennitala ekki inn í listann eða upp koma skilaboð um að kennitala skráðist ekki þá hefur viðkomandi kennitala verið skráð á annan lista.

Sé meðmælum einungis safnað á pappír er mælt til að meðmælin séu færð í excel-skjal, sem síðan er hlaðið inn á meðmælendasvæði sem viðkomandi stjórnmalaflokkur stofnar hjá Ísland.is. Mikilvægt er að

frumritum meðmælendalistanna sem safnað hefur verið á pappír sé skilað til viðkomandi yfirkjörstjórnar, öllum saman, á þeim tíma sem yfirkjörstjórn hefur auglýst að hún muni taki við framboðum.

Vilji meðmælandi afturkalla meðmæli sem hann hefur ritað á pappír verður hann að hafa samband við viðkomandi stjórnmalasamtök tilkynna það. Er slíkt unnt allt til þess tíma þegar meðmælendalista hefur verið skilað til yfirkjörstjórnar.

4. Umboðsmenn lista.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurð listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á einstökum kjörstöðum og við talningu atkvæða. Skyld er umboðsmönnum að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórn setur. Skal yfirkjörstjórn tilkynnt um umboðsmenn með sannanlegum hætti.

Yfirkjörstjórnir

Norðvesturkjördæmi: Ingi Tryggvason, formaður sími: 860-2181
netfang: Nordvesturkjordaemi@dmr.is

Norðausturkjördæmi: Gestur Jónsson, formaður sími: 896-4365
netfang: Nordausturkjordaemi@dmr.is

Suðurkjördæmi: Þórir Haraldsson, formaður sími: 664-1890
netfang: Sudurkjordaemi@dmr.is

Suðvesturkjördæmi: Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður sími: 821-3434
netfang: Sudvesturkjordaemi@dmr.is

Reykjavíkurrkjördæmi suður: Heimir Herbertsson, formaður sími: 899-7769
netfang: kosning@reykjavik.is

Reykjavíkurrkjördæmi norður: Erla S. Árnadóttir, formaður sími: 864-9849
netfang: kosning@reykjavik.is